

Svar

sjávarútvegsráðherra við fyrirspurn Magnúsar Þórs Hafsteinssonar um leyfilegan meðafla botnfisks.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hve mikið af leyfilegum meðafla botnfisks reiknast ekki til aflamarks skipa samkvæmt svokallaðri 5%-reglu? Beðið er um upplýsingar fyrir tímabilið frá 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.*
2. *Hvernig skiptist þessi afli á milli fisktegunda?*
3. *Úr hvaða veiðarfærum hefur aflinn komið og hvernig skiptist hann á milli veiðarfæra?*
4. *Hve mikil söluverðmæti hafa borist á land af hverri fisktegund frá 1. febrúar 2002?*
5. *Hve mikil heildarverðmæti hafa borist á land?*

Ráðuneytið leitaði til Fiskistofu vegna þessarar fyrirspurnar og fylgir hér svarbréf Fiskistofu frá 17. nóvember ásamt viðeigandi töflum.

Í svari þessu eru veittar upplýsingar um leyfilegan meðafla botnfisks á tímabilinu 1. nóvember 2003–1. nóvember 2004 og um verðmæti leyfilegs meðafla á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst 2004

1. Afli sem reiknaðist ekki til aflamarks vegna framangreindrar reglu á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004 nam 1.737.309 kg miðað við slægðan botnfisk annan en karfa og óslægðan karfa.
2. Í töflu 1 kemur fram tegundaskipting afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.
3. Í töflu 1 kemur fram veiðarfæraskipting afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004.
4. Verðmæti afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“ á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2004 per fisktegund kemur fram í töflu 2. (Ekki eru tiltækar upplýsingar um verðmæti þessa afla nema til 31. ágúst 2004.)
5. Heildarverðmæti afla íslenskra skipa á tímabilinu 1. febrúar 2002 til 31. ágúst 2004 var 188.556 millj. kr.

Eins og sjá má með samanburði á töflum 1 og 2 hafa útgerðaraðilar landað afla nokkurra tegunda utan aflamarks sem afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“. Andvirði þessa afla hefur farið í sama farveg og afla sem ekki reiknaðist til aflamarks vegna „5%-reglu“. Alls var magn þessa „gjafaaflla“ 8.214 kg að verðmæti 400.289 kr.

Tafla 1. – Tegunda- og veiðarfæraskipting afla sem undanþeginn er aflamarki samkvæmt svonefndri 5%-reglu á tímabilinu 1. nóvember 2003 til 1. nóvember 2004. Afli í kg upp úr sjó (óslægður) samkvæmt upplýsingum frá löndunarhöfnum. (Fiskistofa 17. nóvember 2004.)

Veiðarfæri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi / Gullkarfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Skarkoli	Þykkvalúra / Sólkoli	Langlúra	Sandkoli	Skráplúra
Lína	176.147	16.952	540	3.861	72.291	64.122	3.699	1	77				
Net	738.577	28.949	32.830	1.853	11.438	1.109	1.047	6.875	6.447	5			20
Handfæri	1.480		547	342	61	147	130						
Dragnót 135 mm	633.172	69.090	15.944	1.442	421		8.431	347	61.098	64	779	275	
Botnvarpa	17.206	23.666	457	8.467		23	420		5.097	3		41	9
Humarvarpa	12.522	62	119		20						210		
Grásleppunet	11.515		167				13		2.470				
Rauðmaganet	1.892												
Skötuselsnet	4.387	173	39		1.820		63	4.020	27	5			
Samtals	1.596.898	138.892	50.643	15.965	86.051	65.401	13.803	11.243	75.216	77	989	316	29

Magn afla sem undanþeginn er aflamarki samkvæmt svonefndri 5%-reglu miðað við útreikning til aflamarks. (Magn í kg.)

Veiðarfæri	Þorskur	Ýsa	Ufsi	Karfi / Gullkarfi	Langa	Keila	Steinbítur	Skötuselur	Skarkoli	Þykkvalúra / Sólkoli	Langlúra	Sandkoli	Skráplúra
Lína	147.963	14.240	454	3.861	57.833	57.710	3.329	1	71	0	0	0	0
Net	620.405	24.317	27.577	1.853	9.150	998	942	6.188	5.931	5	0	0	18
Handfæri	1.243	0	459	342	49	132	117	0	0	0	0	0	0
Dragnót 135 mm	531.864	58.036	13.393	1.442	337	0	7.588	312	56.210	59	717	253	0
Botnvarpa	14.453	19.879	384	8.467	0	21	378	0	4.689	3	0	38	8
Humarvarpa	10.518	52	100	0	16	0	0	0	0	0	193	0	0
Grásleppunet	9.673	0	140	0	0	0	12	0	2.272	0	0	0	0
Rauðmaganet	1.589	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Skötuselsnet	3.685	145	33	0	1.456	0	57	3.618	25	5	0	0	0
Samtals	1.341.394	116.669	42.540	15.965	68.841	58.861	12.423	10.119	69.199	71	910	291	27

Tafla 2. – Magn og verðmæti afla sem undanþeginn er aflamarki skv. svonefndri 5%-reglu á tímabilinu 1. febrúar 2002–31. ágúst 2004. Afli í kg upp úr sjó (óslægður). Verðmæti í kr. samkvæmt upplýsingum frá kaupendum aflans. (Fiskistofa 17. nóvember 2004.)

Teg. nr.	Fisktegund	Magn	Verðmæti
1	Þorskur	3.518.174	373.630.385
2	Ýsa	728.497	44.358.638
3	Ufsi	153.085	5.092.775
4	Lýsa	901	10.434
5	Karfi / Gullkarfi	136.906	7.082.680
6	Langa	100.176	6.160.494
7	Blálanga	166	5.151
8	Keila	79.926	3.061.985
9	Steinbítur	19.856	1.423.328
12	Tindaskata	1.438	13.466
13	Hlýri	73	6.734

Teg. nr.	Fisktegund	Magn	Verðmæti
14	Skötuselur	15.550	1.842.510
15	Skata	99	9.539
20	„Ósundurliðað“	882	85.135
21	Lúða	404	94.428
22	Grálúða	165	25.592
23	Skarkoli	185.265	25.116.064
24	Þykkvalúra/Sólkoli	721	126.960
25	Langlúra	9.366	491.701
26	Stórkjafra/Öfugkjafra	315	11.156
27	Sandkoli	1.680	40.656
28	Skráplúra	5.463	98.561
30	Síld	239	4.790
33	Spærlingur	18	18
40	Humar/Leturhumar	359	29.790
48	Hrognkelsi	1.800	90.612
60	Litli karfi	1.307	12.809
61	Djúpkarfi	47.682	2.176.969
86	Náskata	8	35
950	Grásleppuhrogn	40	600
	Samtals	5.010.561	471.103.995